

# Ritunarsmiðja: **INNGANGUR**

## (writing workshop)


### Aldurshópur

Allir bekkir grunnskólans

### Um ritunarsmiðju


Ritunarsmiðja er kennsluáferð eða kennslufyrirkomulag sem upphaflega kemur úr smiðju Donald H. Graves en hefur seinna verið kennd við Lucy M. Calkins.

Hver kennslustund byrjar á „stuttri innlögn“ fyrir allan bekkinn þar sem afmarkað atriði ritunar er kennt. Í kjölfarið á innlögninni er gefinn góður tími fyrir „sjálfstæða ritun“ þar sem nemendur vinna að eigin ritsmíð og jafnframt eiga nemendur „ritunarsamtal“ við kennara eða bekkjarfélaga í stutta stund innan þess tíma sem sjálfstæða ritunin varir. Ekki er nauðsynlegt að allir nemendur eigi ritunarsamtal í hverri kennslustund. Síðasti hluti ritunarsmiðjunnar er „rithöfundastóllinn“, þar sem nemendur fá að lesa upp sína textasmíð fyrir bekkjarfélaga og þannig fagna lokinni ritsmíð. Rétt eins og í hlutanum á undan þá eru alls ekki allir nemendur sem koma í rithöfundastóllinn í lok hversrar kennslustundar heldur einungis þeir sem hafa hafa lokið ritsmíð. Kennari ákveður hvenær hann notar rithöfundastóllinn og heppilegt getur verið að setja hann á dagskrá þegar nokkrir nemendur hafa lokið ritverki sínu.



Gera verður ráð fyrir góðum tíma í ritunarsmiðju ef hún á að skila árangri. Ritunarsmiðja sem er aðeins framkvæmd tvisvar í viku er mjög ólíkleg til árangurs. Það er hægt að bera þetta saman við hlaupabjálfun en þar er viðurkennt að framfarir eigi sér ekki stað nema æfingar séu að lágmarki þrisvar sinnum í viku og standi yfir í talsverðan tíma. Ágætt er að miða við 40 mínútur að lágmarki fyrir ritunarsmiðju í hvert skipti.

# RITUNARSMIÐJA



● Stutt innlög

● Rithöfundastöll

● Sjálfstæð ritun / Ritunarsamtöl